



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram fimm fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 392 samþykkti sveitarstjórn tillögu fjölskyldu- og frístundanevndar um gerð samnings við Abler ehf. um notkun Hvata styrkjakerfis ásamt skráningar- og greiðslukerfinu Sportabler. Samningurinn gerir sveitarfélaginu m.a. kleift að koma tómsundastyrk barna og ungmenna í rafrænt ferli. Á fundinum var einnig samþykkt að taka þátt í svæðisbundnu samráði gegn ofbeldi og afbrotum á Vesturlandi auk þess sem samþykkt var að hefja undirbúning útboðs á sorphirðu fyrir Hvalfjarðarsveit.

Erindi frá Hestamannafélaginu Dreyra varðandi afnot beitarlands í eigu Hvalfjarðarsveitar var tekið fyrir á fundi nr. 393 og samþykkt var að veita félaginu styrk sem nemur leigufjárhæðinni af umbeðnu beitarlandi í eigu Hvalfjarðarsveitar á samningstímabilinu.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 393 var samþykkt að vakin yrði athygli eigenda sjávarjarða í sveitarfélaginu á kröfulýsingu íslenska ríkisins um eyjar, hólma og sker, með áberandi hætti ásamt hvatningu til íbúa og jarðaeigenda að sýna aðgæslu í málinu og koma á framfæri athugasemdum fyrir 15. maí nk. þar sem að öðrum kosti sé hætta á að eignarréttur glatist á hólum og skerjum, sem mögulegt er að fylgi jörðum. Í Hvalfjarðarsveit er um fjölda jarða að ræða sem kröfulýsingin snertir m.a. í Grunnafirði, Borgarfirði og við Hvalfjörð.

Á sama fundi var einnig samþykkt að stofna nýja deild, Umhverfis- og skipulagsdeild,

í því skyni að stuðla að framtíðar stöðugleika og verkefnasamstarfi innan nýrrar deildar með trausta og faglega þjónustu að leiðarljósi.

Á fundi nr. 394 var ársreikningur Hvalfjarðarsveitar 2023 lagður fram til fyrri umræðu, síðari umræða fór fram á fundi nr. 395 og var ársreikningurinn þá samþykktur. Sjá nánar um ársreikning og ársreikninginn sjálfan [hér](#).

Á fundi nr. 395 var erindi frá leikskólanum Skýjaborg um aukna stuðningsþörf samþykkt. Aukningin nemur einu stöðugildi til ársloka 2024 ásamt 85% stöðugildi fram að sumarlokun, til og með 5. júlí 2024.

Á sama fundi var lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024. Sveitarstjórn samþykkti að vera tilbúin að leggja sitt af mörkum og tók jákvætt í hugmyndir sem nefndar eru varðandi þátttöku sveitarfélaga, s.s. endurskoðun gjaldskráa er snúa að barnafjölskyldum. Endanleg útfærsla samningsaðila liggur ekki fyrir en um leið og ljóst er hvað samningar við hið opinbera fela í sér mun sveitarstjórn fjalla um málið að nýju með það að markmiði að leggja sitt af mörkum til að ná fram því sameiginlega markmiði að kveða niður vexti og verðbólgu. Vert er að nefna að Hvalfjarðarsveit veitir nú þegar 25% afslátt af fæðisgjaldi leik- og grunnskóla, gjaldfrjálsa 5 tíma á dag í leikskólanum Skýjaborg og veglegan íþrótta- og tómsundastyrk fyrir börn og ungmenni, sem og viðbótarstyrk til barna og ungmenna á tekjulágum heimilum.



Á fundi nr. 396 voru tilboð í 1. áfanga byggingu íþróttahúss við Heiðarborg afgreidd, sjá nánar síðar í fréttabréfinu.

Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn tillögu menningar- og markaðsnefndar um þátttöku í verkefninu Víkingurinn 2024, keppni sterkustu manna landsins, með styrkveitingu að fjárhæð kr. 250.000 auk kvöldmáltíðar fyrir þátttakendur, tókumann og stjórnanda. Verkefnið felur í sér að Hvalfjarðarsveit verði eitt af fjórum sveitarfélögum sem keppnin fari fram í og keppt verði í tveimur greinum í Hvalfjarðarsveit. Auk sjónvarpsútsendingar frá keppninni sjálfri er birting sjónvarpsefnis hjá ríkissjónvarpinu sem skilað hefur góðri umfjöllun um hvern stað, staðhætti, sögu og annað menningartengt. Víkingurinn 2024 mun fram á Vesturlandi dagana 28.-30. júní. nk.



Sumarleyfi sveitarstjórnar og lokun skrifstofu Hvalfjarðarsveitar var tekið fyrir á fundi nr. 365 og samþykkt að skrifstofa Hvalfjarðarsveitar verði lokuð frá og með 22. júlí til og með 2. ágúst nk. vegna sumarleyfa starfsfólks. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að sveitarstjórnarfundur sem vera ætti þann 24. júlí nk. falli niður vegna sumarleyfis sveitarstjórnar.

HEIÐARBORG

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Tilboðsfjárhæð	Hlutfall af kostnaðaráætlun
Langeldur ehf	1.000.000.000 kr.	120,8%
K16 ehf.	866.823.000 kr.	104,7%
Sjammi ehf.	965.863.492 kr.	116,6%
Sjammi ehf.-frávikstilboð	964.288.304 kr.	116,5%
Alefli ehf.	871.076.367 kr.	105,2%
Flotgólf ehf	949.972.390 kr.	114,7%

Kostnaðaráætlun 828.026.034 kr. 100.0%

Mikil forvinna og undirbúningur hefur farið fram er varðar nýtt íþróttahús í Hvalfjarðarsveit. Í fundargerðum þáverandi sveitarstjórnar og nefnda má finna bókanir allt frá upphafi ársins 2019. Mikil vinna hefur verið lögð í verkefnið, undirbúningsvinna sem og þarfagreining meðal annars með hagsmunaaðilum sem nýta núverandi íþróttamannvirki í Hvalfjarðarsveit. Úttekt á núverandi aðstöðu í Heiðarborg, könnun jarðvegsaðstæðna, umfjöllun í nefndum, forhönnun, hönnunarteikningar, kostnaðarmat, heildarhönnun verkfræði- og landslagshönnun ásamt fleiru.



Í mars 2021 bókaði þáverandi sveitarstjórn eftirfarandi:

“Hvalfjarðarsveit hyggur á byggingu nýs íþróttahúss í sveitarfélaginu. Lagt hefur verið í vinnu við greiningu á þörf og staðsetningu slíkrar byggingar. Stefnt er að því að byggja hagkvæmt og vel útfært mannvirki sem nýtist vel og uppfyllir fyrirsjáanlegar þarfir sveitarfélagsins og íbúa þess til næstu áratuga fyrir skóla-, íþrótt-, tómstunda-, félags- og samkomustarf. Unnið verður að því að mannvirkið verði hagkvæmt í rekstri en einnig að líftími þess verði sem lengstur og hagkvæmastur.



Gerð hefur verið úttekt á núverandi íþróttamannvirkjum í Heiðarborg og var gert yfirlit yfir stöðu viðhaldsmála og listuð upp helstu vandamál er snúa að viðhaldi. Þar kemur fram að Heiðarborgar bíða töluvert umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir hvort sem þar verður byggt íþróttahús eður ei. Þá er ekki einungis horft til íþróttasalarins heldur miðstöðvarinnar í heild sinni. Er það mat ráðgjafa að með þeim viðhaldsframkvæmdum sem lagt er til að farið verði í muni íþróttamiðstöðin nýtast vel undir núverandi starfsemi. Stefnt yrði að því að nýta þau rými sem fyrir eru óbreytt eða þeim breytt til hagræðis við þá nýbyggingu sem byggð yrði við Heiðarborg.

Lagt var mat á kosti þess að byggja íþróttahús sem viðbyggingu við núverandi mannvirki að Heiðarborg eða byggja nýtt mannvirki í Melahverfi. Það er mat sveitarstjórnar að mannvirkið skuli rísa sem viðbygging við núverandi mannvirki að Heiðarborg og eru mörg rök fyrir því. Nálægðin við Heiðarskóla þar sem mesta notkunin á húsinu verður íþróttakennsla grunnskólabarna.

Rísi mannvirkið í Melahverfi þyrfti að keyra öllum grunnskólabörnum í íþróttakennslu. Það er kostnaður sem myndi bætast á sveitarfélagið auk þess er það umhverfismál að fækka ferðum skólabíla um sveitarfélagið. Nálægðin við Heiðarskóla einfaldar notkun á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins bæði fyrir tómstundarstarf skólabarna og mögulegra íþróttacefinga í beinu framhaldi af lokum skóladegi. Rekstrarkostnaður við það að halda úti íþróttamannvirkjum á tveimur stöðum væri mikill þar sem halda þyrfti úti tvöföldum fjölda starfsfólks til þjónustu á opnunartímum. Líklegt verður að teljast að byggingarkostnaður verði lægri við það að byggja við Heiðarborg þar sem þau rými sem nú þegar eru til staðar nýtast áfram ýmist óbreytt eða aðlöguð að þeirri starfsemi sem hönnuð verður.

Samneyti við sundlaugina í Heiðarborg er að sjálfsögðu stór kostur bæði fyrir skólastarf og íbúa sem koma til með að nota mannvirkin hvort sem er til íþróttastarfs, félagsstarfs eða heilsuþátar. Nýbygging í Melahverfi yrði að sjálfsögðu að innihalda öll rými sem þörf og reglugerðir gera ráð fyrir og ekki nýtast með öðru húsnæði. Samkvæmt deiliskipulagi Heiðarskóla- og Heiðarborgarsvæðisins er gert ráð fyrir frekari byggingarreitum við Heiðarborg og kallar svona framkvæmd því ekki á endurskoðun á skipulagi svæðisins."

Þann 10. apríl sl. bókaði sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og samþykkti samhljóða eftirfarandi:

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar fagnar því að framkvæmdir séu nú í sjónmáli á nýju íþróttahúsi en sveitarstjórn vill að Heiðarborg verði samfélagsmiðstöð þar sem tilgangurinn er að skóla-, íþrótt-, frístunda-, félags- og samkomustarf fyrir alla aldurshópa rúmist í húsnæðinu. Markmiðið er að styðja þannig við og efla þróun íþrótt- og frístundastarfs í sveitarfélaginu, rjúfa félagslega einangrun sem og að styrkja forvarnir, heilsueflingu og almenna lýðheilsu íbúa Hvalfjarðarsveitar.


Framkvæmd þessi er mikið framfaraskerf fyrir Hvalfjarðarsveit og er liður í þeirri metnaðarfullu framkvæmdaáætlun sem liggur fyrir hjá sveitarfélaginu sem endurspeglar vöxt og uppbyggingu til framtíðar í Hvalfjarðarsveit.




1 3D_Horft til norð austurs



2 3D_Horft til suð vesturs



3 3D_Horft til suð austurs



4 3D_Horft til norð vesturs




Í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, m.s.br., hefur Ólafur Sveinsson, hagverkfræðingur, tekið saman sérfræðiálit vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttahús þar sem áætlaður heildarframkvæmdakostnaður nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins á yfirstandandi reikningsári. Metin eru áhrif fjárfestingarinnar á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma og áhrif af rekstrarkostnaði hennar. Niðurstaða matsins er að út frá fyrirliggjandi gögnum hafi fyrirhuguð fjárfesting ekki íþyngjandi áhrif á fjárhag sveitarfélagsins, heildarskuldir séu óverulegur, rekstrarjöfnuður jákvæður og skuldahlutfall vel innan allra marka. Auk þess á sveitarfélagið verulegar fjárhæðir í handbæru fé en framkvæmdin verður fjármögnuð með handbæru fé, án lántöku.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir tillögu mannvirkja- og framkvæmdanefndar að gengið verði til sammings við lögstjóðanda að undangengnum biðtíma og háð staðfestingu á hæfi bjóðanda í samræmi við kröfur útboðs. Sveitarstjóra er falin undirritun sammings.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir einnig tillögu mannvirkja- og framkvæmdanefndar og veitir verkefnastjóra framkvæmda og eigna heimild til að hefja lokað útboð til þriggja verkfræðistofa í verkefnastjórn, byggingarstjórn og eftirlit á byggingu íþróttahúss við Heiðarborg.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir jafnframt að farið verði í stefnumótun og kortlagningu á starfsemi sem ný samfélagsmiðstöð, Heiðarborg, muni koma til með að geta boðið upp á. Samhliða verði farið í að rýna nýtingu og skipulag á þeim rýmum sem nú þegar eru til staðar í Heiðarborg. Í þeirri vinnu verði m.a. höfð samvinna við hagsmunahópa.





KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Ýmsar kynningar, fundir og viðburðir hafa farið fram síðastliðna mánuði. Þann 14. mars sl. fór fram Landsþing samband íslenskra sveitarfélaga í Hörpu. Kjörnir fulltrúar sveitarfélaga um allt land ræða á Landsþingi þau málefni sem helst brenna á sveitarfélögunum. Hægt er að horfa á upptöku frá landsþinginu [hér](#).

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fór fram á Hótel Hamri miðvikudaginn 20. mars sl., sama dag fóru einnig fram aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Sjötti fundur stýrihóps Barnvæns sveitarfélags fór fram í febrúar og þriðji fundur öldungaráðs fór fram í mars.

Fimmtudaginn 21. mars sl. var árs hátíð Heiðarskóla þar sem ungir sem aldnir nutu góðrar samveru. Nemendur í 4. - 7. bekk voru með sýningu, páskaeggjahappadrætti fór fram og boðið var upp á árs hátíðarhlaðborð í boði foreldra í 7. - 10. bekk.

Fjölmennt var á sólríkum miðvikudegi í mars þegar vel heppnuð páskaeggjaleit í Álfholtsskógi í Hvalfjarðarsveit fór fram. Skógræktarfélag Skilmannahrepps hélt utan um viðburðinn í samstarfi við Menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveitar.

Qair stóð fyrir kynningarfundum á Hótel Laxárbakka 9. apríl sl. vegna umhverfismats á framleiðslu rafeldsneytis á Grundartanga. Skipulagsstofnun hefur auglýst umhverfismatsskýrslu sem nú er aðgengileg í Skipulagsgátt.

Öll geta kynnt sér skýrsluna og veitt umsögn um framkvæmdina og umhverfismat hennar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. apríl nk. inn á [Skipulagsgátt](#).

Fjöldi fleiri viðburða, kynninga og funda hafa farið fram sem ekki er getið hér.

**Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**

HVALFJARÐARDAGAR

16.-18. ágúst 2024

HVALFJARÐARDAGAR 2024 fara fram dagana **16.-18. ÁGÚST**.

Fjölbreyttir viðburðir og **SKEMMTUN** fyrir öll.

ENDILEGA takið helgina frá!